

# AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2020-2032

**Landbúnaðarsvæði (L2) verður frístundabyggð F25**

**06.08.2025**



Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem hlotið hefur málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann ________

______________________________________________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _________________

______________________________________________________________

SKIPULAGSFERLI

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: ________ til: ________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: ________

## UPPLÝSINGAR

| SKJALALYKILL | HÖFUNDUR |
|---|---|
| 113110-01-GRG-001-V01 | IS |
| | **RÝNT** |
| | BRE, ÁJ |

# 1 INNGANGUR

Grímsnes- og Grafningshreppur vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Lóðirnar Suður-byggð 13, 15 og 17 voru innan frístundabyggðar í eldra aðalskipulagi og eru skráðar sem frístundalóðir. Í gildi er deiliskipulag fyrir frístundabyggðina frá því í mars 2005 og þar eru lóðirnar frístundalóðir.

Í gildandi aðalskipulagi eru lóðirnar á landbúnaðarsvæði L2. Í breyttu skipulagi verða þær hluti af frístundabyggðinni F25. Um er að ræða leiðréttingu á landnotkun þar sem lóðirnar eru rangt skilgreind-ar í gildandi skipulagi.

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi og skipulagsuppdráttur.

## 1.1 Breyting skipulags

Gerð er breyting á afmörkun landbúnaðarlands L2 og frístundabyggðar F25 á sveitarfélagsuppdrætti. Stærð svæða breytist í greinargerð.

Breyting aðalskipulags verður grenndarkynnt landeigendum, aðliggjandi lóðarhöfum og eftir atvikum fleiri aðilum.

### Frístundabyggð

TAFLA 1. Stefna og stærð fyrir frístundabyggð F25 í gildandi skipulagi.

| NR | HEITI | LÝSING OG SKILMÁLAR | STÆRÐ HA |
|---|---|---|---|
| F25 | Búgarður, Giljatunga, Borgartún, Ásgarður hluti III og Ásgarður/ Búgarður hluti II, Ásgarði | Deiliskipulagt fyrir um 260 lóðir, þar af eru rúmlega 1/3 byggðar. | 254,3 |

TAFLA 2. Stefna og stærð fyrir frístundabyggð F25 í breyttu skipulagi.

| NR | HEITI | LÝSING OG SKILMÁLAR | STÆRÐ HA |
|---|---|---|---|
| F25 | Búgarður, Giljatunga, Borgartún, Ásgarður hluti III og Ásgarður/ Búgarður hluti II, Ásgarði | Deiliskipulagt fyrir um 260 lóðir, þar af eru rúmlega 1/3 byggðar. | 260,0 |

### Landbúnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði L2 minnkar samsvarandi og stækkun frístundabyggðar.

## 1.2 Umhverfisáhrif

Verið er að leiðrétta landnotkun og eru áhrif af breytingunni metin óveruleg og aðeins talin snerta lóðarhafa á viðkomandi lóðum.

# Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
## Landbúnaðarsvæði (L2) verður frístundabyggð F25




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Opin svæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

N

0 0,5 1 2 km

EFLA

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshreps
Landbúnaðarsvæði verður frístundabyggð

| | |
|---|---|
| Verk: 113110 | Blaðstærð: A4 |
| Unnið: IS | Rýnt: BRE |
| Mælikvarði: 1:50.000 | Dags: 06.08.2025 |
| Breytt dags: | |